



“Ég var með kolruglað acid lag sem ég vildi að Madonna myndi gjamma yfir. Það átti ekki að vera neinn söngur í laginu. Bara hrotur og stunur, svona eins og svín gefa frá sér. Ég var alveg í stuði til þess að heyra Madonnu gefa frá sér svínahljóð. (hann hlær) Ég held að hún hafi náð brandaranum.”

er öðruvísi og nýtt. Það er eina leiðin til þess að finna gott efni. Ef ég er að leita þar, þá leita ég ekki að “Aphex Twin”, því það væri slæmt. Maður leitar frekar að einhverjum sem líkir sér við “Venetian Snares”. Því að ef einhver heldur að hann hljómi eins og Venetian Snares, þá eru líkur á því að þetta sé eitthvað áhugavert. Ég leita einnig mikið að gabba tónlist, en það virðist ekki vera mikið um hana á mp3.com.



Platan Windowlicker seldist í meira en 300.000 eintökum. Hefur þú það á tilfinningunni að tónlist þín sé aðgengilegri nú enn áður?

Fólk er orðið vanara því að hlusta á furðulega tónlist. Fleira og fleira fólk hlustar t.d. á noise tónlist. Meira af óhljómraenum hljóðum eru að fá samþykki hlustenda. Þetta er án vafa frábært að mínu mati.

Tónlist þín hefur haft áhrif á marga. Með merki-legustu listamönnum sem segja að tónlist þín hafi haft áhrif á sig eru Radiohead. Hefur þú hlustað á síðustu plötur þeirra eitthvað?

Mér líkar ekki svo vel við þá. Ég heyrði einhver 4-5 lög með þeim og fannst þeir bara hljóma mjög “cheesy”.

Cheesy?

Já, mjög einfaldir og “cheesy”. Ég er bara að bera þá saman við uppáhalds tónlistina mína og mér finnst þetta hljóma mjög illa við hliðina á því. En ef ég miða þá við alla ógeðslegu R&B tónlistina, þá eru þeir kannski ágætir. Og ef maður miðar þá við allt þetta hræðilega bandaríska háskóla-pönk sánd, þá eru þeir líklega bara frábærir. Ef maður hefur aðeins hlustað á rusl hingað til þá finnst manni kannski Radiohead vera einhverjir snillingar.

Finnst þér það ekki kannski gott ef aðeins 1% af þeim sem hlusta á Radiohead fari síðan að tékka á Rephlex útgáfunni?

Ég er ekki að pæla neitt í því í raun. Ég er bara mjög ánægður með það hvernig hlutirnir eru í bili. Mér finnst bara gott að það sé til léleg tónlist. Mér finnst það ágætt að það sé ekki of mikil vitneskja um tilvist okkar. Ef of mikið af fólki myndi hlusta á það sem ég er að hlusta á þá myndi mér ekki líka vel við það. Ef Merzbow væru hátt á vinsældar-listunum þá myndi mér ekki líka lengur við þá. Sumir vilja vera eins og allir aðrir, aðrir vilja vera einstakir. Þannig er það bara.

Þegar fyrstu útgáfur þínar, eins og Analogue Bubblebath komu út fyrir 10 árum, þá varst þú talinn vera fullkomið dæmi um andlitslausa technó tónlist, sem hvarf bak við græjurnar sínar. En nú á dögum er smettið á þér líklega eitt þekktasta and-litið í raftónlistinni.

Já, en samt á annan máta. Ég gerði þetta aðal-lega vegna þess að það var “trend” í technó-heiminum að þú áttir að vera andlitslaus. Hin óskrifada regla var að þú máttir ekki setja andlit þitt á plötumslagið. Það varð að vera eitthvað eins og móðurborð í tölvu, eða þannig dót. Þess vegna braut ég þá reglu og setti andlit mitt á plötuna *I Care Because You Do*. Það var hin upprunalega ástæða þess að ég tróð andlitinu mína á framfæri. Síðan þá hefur þetta allt farið úr böndunum.

Finnst þér þú hafa farið of langt með þetta?

Nei, hverjum er svo sem ekki sama. Þetta er ekkert mál fyrir mér. Þetta myndi trufla mig ef einhver myndi þekkja mig úti á götu. Ef fólk færi að ganga upp að mér úti á götu með eitthvað væl, þá myndi ég fara hugsa mig tvisvar um að kynna meira á mér andlitið.

Hefur þú það á tilfinningunni að eftir lög eins og “Come To Daddy” og “Windowlicker” að andlit þitt sé orðið þekktara en tónlist þín?

Kannski að vissu leyti. Ég hugsa samt að það sé aðeins fólk sem þekkir tónlistina mína sem þekkir andlit mitt. Ef það væri öfugt þá myndi mér ekki líka það vel. Um daginn kom The Face til mín og það mig um að vera á forsiðunni. Ég sagði þvert nei, en svo datt mér í hug að vera í dularkerfi, en þeir höfðu ekki áhuga á því, þannig að það var bara fínt. Ég er bara hársbreidd frá því að verða of þekktur. Fólk þekkir mig helst þegar það mætir á tónleika með mér eða einhverjum af vinum mínum. Það myndi t.d. enginn þekkja mig ef ég væri inni á Ministry of Sound.

Þú hefur valið að setja ekki andlit þitt á þessa nýjstu plötu þína, er einhver ástæða fyrir því?

Já, það er að yfirlögðu ráði. Ég hef ekki gefið frá mér nein ný vídeó og það er ekki mér að kenna að Mtv er endalaust að spila vídeóin mín. Mér líkar ekki að vera mataður ofan í hálsa fólks á sama hátt og sumt frægt fólk. Ég vil ekki ganga inn í ein-hverja plötubúð og fólkið þar inni segir, “Nei, ekki þessi hálfviti!”.

Þrátt fyrir allt þetta þá eru líklega mjög margir að fara kaupa þessa nýju plötu þína vegna þess að þeir sáu “Windowlicker” myndbandið.

Það gerist víst og er að mínu mati dálítið sorg-legt. Málið er að ef stór hópur af fólki þekkir mig aðeins fyrir “Windowlicker” og “Come To Daddy” vegna þess hve “commercial” þau voru og fer síðan að hlusta á eldri tónlist eftir mig og líkar ekki við hana. Þá eru mestar líkur á því að það fólk eigi eftir að henda nýjstu plötunni minni beint í ruslið eftir að það hefur hlustað á hana. Þetta er ástæða þess að ég samdi ekki aðra Windowlicker, því ég er ekki “commercial” listamaður, en ég get samt alveg verið það ef ég kæri mig um það.

Talandi um “commercial” listamenn – bæði Madonna og Björk hafa beðið þig um að vinna með sér, er það ekki?

Jú, auðvitað, það vilja allir vinna með mér.

Hver er að þínu mati munurinn á Madonnu og Björk?

Björk er miklu áhugaverðari, milljón sinnum áhugaverðari persónuleiki. Madonna er miklu venjulegri, bara svona fræg útgáfa af venjulegri “Sharon” úti í bæ.

Þær virðast hafa svipaðan áhuga á því að vinna með ungum og uppnennandi listamönnum.

Já, þær eru svipaðar að því leyti. Ég get ekki staðfest það en ég held að Björk sé að gera þetta vegna þess að... (smá pása) ...Björk er eins og lítil stelpa í nammibúð. Hún er bara: “Ég elska þetta, og þetta, og þetta. Ég vil þetta, og þetta, og þetta”. Á meðan Madonna er meira brútal. “Hummm, þetta er “trendi”, ég get haldið sjálfri mér ungri og ferskri með því að nota þá”. Þú skilur, Björk er á vissan hátt að gera þetta líka, en hún er bara að vinna með fólki af miklum áhuga til þess að kynnst því. Hún velur sér líka samstarfsfólk sem er ekkert sérstaklega frægt.

En Madonna var fyrri til af þeim tveimur til þess að vinna með Chris Cuningham t.d.

Hún er með ágætlega opinn huga, líklega. Ég var að visu frekar til í það að vinna nokkur lög með henni, en ég bara nennti því ekki þá. Hún er bara einfaldlega of fræg. Ef ég myndi vinna með henni, þá væri ég bara “dúðinn” sem vann með Madonnu. Allur ferill minn myndi bara hverfa út um gluggann. Allt sem ég hefði unnið að í gegnum tíðina bara jafnað við jörðu.

Hefði ekki verið dálítið spennandi að vinna með Madonnu, en á þínum forsendum? T.a.m eitthvað sem gæti komið út á Rephlex?

Ég ætlaði að vinna með henni, en hún var meira í stuði til þess að fá mig til þess að vinna lag fyrir breiðskífuna hennar eða smáskífu, og ég var ekki í stuði til þess. Ég var meira að hugsa um nafnlausa plötu á Rephlex útgáfunni. Ég samdi meira að segja lag fyrir hana og var með fullt af hugmyndum. Ég var með kolruglað acid lag sem ég vildi að Madonna myndi gjamma yfir. Það átti ekki að vera neinn söngur í laginu. Bara hrotur og stunur, svona eins og svín gefa frá sér. Ég var alveg í stuði til þess að heyra Madonnu gefa frá sér svínahljóð. (hann hlær) Ég held að hún hafi náð brandaranum. Það gæti vel verið að hún hefði gert þetta en ég held að hún hafi verið uppteknari af næstu smá-skífunni sinni. Ég var í raun ekkert að pæla of mikið í þessu og ég held að hún hafi ekki heldur verið að því. Hún hefur bara hugsað “OK, það eru fleiri fiskar í sjónum”.

Hvenær var þetta?

Á síðasta ári. Ég talaði að vísu dálítið mikið við hana. Ég sagði henni frá ástarmálum mínum og svoleiðis. Ég vissi af því að hún hafði áhuga á Chris Cunningham og að hún vildi riða honum, en honum líkaði ekkert við hana.(hann hlær) Ég hugsa að hún hafi orðið dálítið pirruð yfir því að fá hann ekki. Venjulega getur hún líklega fengið hvern sem henni líkar við. Hún kom líka einu sinni á Rephlex kvöld í London. Ég sagði við hana, “Þú þarf ekkert á þeim að halda, það mun enginn abbast upp á þig hérna”. Lífverðirnir hennar voru ekkert alltaf alveg ofan í henni, en þú getur ekkert átt almennilegt samtal við hana þegar þeir eru allt í kring.

Hafa einhverjar aðrar poppstjörnur mætt á kvöldin ykkar?

Kylie Minouge kom á Rephresh party í London. Hún þekkir Warp plötusnúðinn Russell Haswell, og honum líkar mjög vel við hana og hefur verið að reyna að komast yfir hana í mörg ár. Þannig að hún kom í þetta parti og allir kunningjar mínir voru að reyna við hana. Einn af þeim var að dansa við hana í langan tíma og var að káfa á henni upp og niður fótleggina og rassinn. Við eigum þetta allt á mynd-bandí, þetta var geggjað. Svo var hún líka liðtæk í því að stjórna diskóljósunum á meðan ég var að dj-ast í klukkustund.

Hvers vegna hafnaðir þú samvinnu við Björk?

Björk var einnig á eftir Chris Cunningham. Hún er búin að vera á eftir öllum. Hún gerði líka eitthvað efni með Bogdan Raczyński. Hann átti að semja lag fyrir plötuna hennar, en það var ekki notað. Þau voru aðeins of hörð í samningamálunum. Þau vildu bjóða honum 10% af ágóðanum, en mér finnst að þegar fólk er að vinna saman þá sé það bara 50/50. Þetta sýndi ekki mikla virðingu frá henni. En hún kemur hvergi nálægt þessum hlutum sjálf, hún er með fólk sem sér um þetta. Það er að vissu leyti sorg-legt. Ég meina, hún vill vinna með fólki, en hún er stundum aðeins of upptekin af því nýjasta sem er í gangi. Af einhverjum ástæðum finnst henni bara það nýjasta vera gott.

Ég er eiginlega mjög hissa á því að Björk skyldi vilja vinna með þér. Ég hefði haldið að þú værir of rótróinn fyrir hana.

(Hann hlær) Já, það var það sem mér datt í hug. Ég meina hún hefur líka unnið með eldri lista-mönnum eins og fólkinu í strengjakvartettum og þannig. Og það fólk er ekkert frægt. Ef ég hefði brjálaðan áhuga á því að vinna með Björk, þá gæti ég líklegast einhvern veginn látið það gerast, en ég er bara ekkert að stressa mig á því. Ef ég væri á annað borð að fara vinna með söngvurum, þá myndi ég helst vilja vinna með óþekktum listamönnum.

Myndir þú þó ekki vera áhugasamur um að vinna með tónlistarkonunni Björk frekar en bara sem söngkonu?

Ójú. Ég er alltaf að reyna að segja henni það. Ég segi við hana. “Ég skil ekki hvers vegna þú ert alltaf að vinna með öllu þessu fólki þegar þú ættir bara að gera þetta sjálf”. Og hún hefur verið að reyna það, hún er með laptop tölvu og allt. Það kemur kannski að því að hún geri það þegar hún er orðin gömul og engum finnst hún vera falleg lengur. Ég hugsa að þá verði hún að gera þetta sjálf. Vegna þess að þá á hún ekkert eftir að geta fengið alla litlu technó strákana til þess að vinna fyrir sig, því þá munu þeir bara segja, “Björk, þú meinar þessa gömlu konu þarna, ég ætla ekki að vinna fyrir hana. Í dag getur hún bara hringt í þá, talað einhverja íslensku og þeir eru til í að gera hvað sem er. Með Björk, þá er hún mjög bisness-lega sinnuð þegar kemur að svona hlutum. “Ok, ég sendi þá fax með öllum atriðum og þú sendir það svo til baka...”. Ef ég ætla að semja lag með einhverjum þá verð ég að vera besti vinur þeirra. Ég verð að eyða smá tíma með þeim og þú yrðir að koma heim til mín reglulega og drekka 50 bolla af te, reykja nokkrar jónur eða fara á blússandi fyllerí. Það er ekki bara hægt að senda mér lag. Það er kuldalegt og ég held bara að hún átti sig ekki á þessu, því svona hefur hún gert þetta hingað til. Ég held að með frægðinni hafi hún dálítið gleymt því hvernig á að haga sér í kringum fólk.

En þú hefur unnið með tónlistarmönnum í fortíðinni, sem þú þekktir nánast ekki neitt?

Já, en bara rímix og aðeins til þess að pikka upp ávísunina. Og það er ekki hægt að líkja því við það að vinna með einhverjum.

Þú hefur nefnt það áður að einu tónlistarmennirnir sem þú vilt vinna með eru Tom Jenkinson og Luke Vibert. Eru uppi einhver plön um að vinna með

þeim á næstunni?

Tom er erfiður því að hann er geðveikur. Hann hverfur bara í tíma og ótíma. Ég held bara að hann sé farinn yfir strikið satt best að segja. Þannig að ég hef ekki talað við hann í mánuð. Við erum ekki einu sinni búnir að ákveða nafn á nýja útgáfu-fyrirtækið okkar. MEN er aðeins flokkunarnúmerið. Hann var að afbóka Bandaríkjatúrinn sinn. Heilinn á honum er endalaust að skipta um gir. Hann segir eitt en gerir annað. Hann myndi gjörsamlega gera mann sturlaðan sem vinur því að annað hvort er hann heima hjá þér alla daga, eða hverfur í þrjá mánuði. Á þessari stundu þá er ég eiginlega mjög hræddur um hann, því enginn hefur talað við hann í nokkuð langan tíma.

En þú vilt samt sem áður semja tónlist með honum?

Já, en við höfum ekki verið að nota svipaðar græjur. Við erum búnir að vera að reyna að sam-hæfa okkur, en höfum ekki getað samið tónlist saman. En eftir sex mánuði munum ég, Tom og Luke geta samið tónlist í gegnum internetið heiman frá okkur.



Aðrir góðir listamenn hjá Warp:

- Boards Of Canada
- Broadcast
- Chris Clark
- Richard Devine
- LFO
- Mira Calix
- Nightmares On Wax
- Plaid
- Plone
- Prefuse 73
- Squarepusher
- Two Lone Swordsmen

Þú virðist eyða ansi miklum tíma á netinu?

Ég keypti örugglega 3000 geisladíska á síðustu 12 mánuðum, alla af netinu. Ég fékk þá póstsenda frá fyrirtækjum eins og Amazon. Ég fæ bara geisla-diskinn, set hann inn í laptoppinn, rippa tvö-þrjú lög af disknum og sel hann síðan aftur.(hann hlær) Ég hringi síðan bara í nálæga plötubúð og þeir koma og ná í þær, þannig að þetta er lágmarks ómak fyrir mig.

Hverjir voru síðustu þrír diskarnir sem þú keyptir?

Metal Machine Music eftir Lou Reed, einhver jungle diskur og bootlegg af Kraftwerk.

Eru einhverjir nýjir tónlistarmenn sem þú veist um sem eru að gera góða hluti?

Uppáhalds tónlistarmaðurinn minn þessa stundina er Ceephax Acid Crew. Það er Andy Jenkinson, bróðir Tom Jenkinson. Efnið hans er frábært. Þetta er fyndið því að fólk er oft að spyrja mig hver verði næsta stórstjarnan í elektróníkinni, og ég nefni hann. Hann semur þó ekki nema eitt lag á 3ja mánaða fresti og ég er tryggasti aðdá-andinn hans og er alltaf dansandi fremst á öllum gíggunum hans.

Er það satt að þú hafir tekið upp tónlist sem síðan hefur komið út með annarra listamanna nöfnum?

Ég hef samið einhver “commercial” lög en enginn hefur áttað sig á þeim. Og svona í lokin, þið þekkið Squarepusher, já, aha... HANN er ÉG! (og svo hlær hann hrossalegum endahlátri...)